



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Érindi nr. P 141/93
komudagur 10.10.2012

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

10. október 2012
Tilvísun: 2012090049/10.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008 (viðtækara eftirlit o.fl.), sbr. þingskjal 103 - 103. mál.

Fjármálaeftirlitið (FME) vísar til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem barst þann 27. september sl. Í tölvupóstinum var FME gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn um ofangreint lagafrumvarp.

FME fagnar framkomnu frumvarpi og telur að með því sé bætt úr ýmsum vanköntum gildandi innheimtulaga.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins, sem bætir nýrri málsgrein vð 3. gr. innheimtulaga, kemur fram að með „með lögmönnum [sé] einnig átt við lögmannsstofur, svo og lögaðila sem eru dótturfélög eins eða fleiri lögmanna og/eða lögmannsstofa...“. FME leggur til breytt orðalag þannig að ákvæðið hljóði svo: „Með lögmönnum skv. 2. mgr. er einnig átt við lögmannsstofur, svo og lögaðila sem er að öllu leyti í eigu eins eða fleiri lögmanna og/eða lögmannsstofa að því skilyrði uppfylltu að starfsemin falli undir eftirlit skv. 2. mgr. 15. gr.“

FME vekur athygli á því að í c- lið 2. gr. frumvarpsins er sami málsliðurinn tvítekin. Lagt er til að 2. málsliður c- liðar 2. gr. frumvarpsins verði felldur úr frumvarpinu.


Í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 3. másl. 11. gr. laganna þannig að ekki skuli innheimta innheimtukostnað vegna innheimtuviaðvörunar ef brotið hefur verið gegn 7. gr. laganna þannig að viðvörðunin þjóni ekki tilgangi sínum. FME vekur athygli á því að upp geta komið álitamál um hvernig fara skuli með kostnað, t.d. vegna milliinnheimtu ef innheimtuviaðvörðun hefur brotið gegn 7. gr. laganna og ekki þjónað tilgangi sínum. FME telur þörf á að skýra framangreint nánar.


Í b-lið 7. gr. frumvarpsins er lagt til nýtt ákvæði sem lagt er til að verði 3. mgr. 15. gr. laganna. FME vekur athygli á því að 3. mgr. 15. gr. er nú þegar til staðar. Því þarf að skýra hvort núgildandi 3. mgr. 15. gr. verði að 4. mgr. eða eigi að falla brott.

Í 12. gr. frumvarpsins sem kveður á um breytingu á 1. mgr. 18. gr. innheimtulaga hefur fallið út tilvísun í 6. gr. a. innheimtulaga, sbr. núgildandi b-liður 1. mgr. 18. gr. laganna sem kom inn með 3. gr. laga nr. 78/2012.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna M. Karlsdóttir


Valdimar Gunnar Hjartarson